

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

*Nýtt deiliskipulag, athafnasvæði við flugvöll (AT-3).*

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti þann 5. júlí 2021 nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði AT-3 við flugvöll. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 17 lóðum fyrir léttu atvinnu- og athafnastarfsemi. Lóðirnar eru 435-1.400 m<sup>2</sup> að stærð og byggingarreitirnir 240-1.200 m<sup>2</sup>. Settir eru ítarlegir skilmálar til að stuðla að snyrtilegri ásýnd svæðisins.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 16. ágúst 2021,*

**Dagný Hauksdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 31. ágúst 2021